




TEMPRA
einangrun – umbúðir



Við erum Tempra

Tempra ehf. er leiðandi fyrirtæki á Íslenskum markaði í framleiðslu á umbúðum fyrir ferskfiskútflutning og einangrun fyrir byggingariðnað úr EPS (Expanded Polystyrene), sem í daglegu tali er nefnt frauðplast. Tempra hefur mikla reynslu af ráðgjöf til viðskiptavina varðandi umbúðir og húseinangrun. Einnig höfum við yfirgripsmikla þekkingu á mismunandi aðgerðum og þörfum við lausn ýmissa verkefna.

Nýsköpun og frábær þjónusta

Hvort sem halda þarf fiski köldum eða húsum heitum vitum við að viðskiptavinir okkar þurfa að geta reitt sig á hágæðavöru og úrvalspjónustu. Við hjá Tempru vitum einnig að það er alltaf hægt að gera góða hluti betri. Því leggjum við mikla áherslu á nýsköpun í þróun umbúða og einangrunar í samstarfi við viðskiptavini okkar, háskóla og rannsóknarstofnanir sem rannsóknarstjóri Tempru leiðir.



Í sátt við umhverfið

EPS er 98% loft og einungis 2% plast, samsett úr mörum örsmáum sellum. Við framleiðslu á einangrunarplasti er hvorki notað freon né önnur skaðleg efni sem valda gróðurhúsaáhrifum. EPS er 100% endurvinnanlegt, það ertir ekki húð við snertingu og ekki er krafist sérstaks útbúnaðar þegar unnið er með það, eins og tækninefnd ESB (CENTC 88) hefur bent á.

Tækin sem við notum við framleiðsluna skila hámarksnýtingu á hráefninu, lítið fellur til við framleiðsluna enda er einvörðungu notast við vatn, gufu of loft. Umbúðir okkar og einangrun úr EPS-efni menga ekki grunnvatn við notkun, framleiðslu eða eyðingu.

Þegar efni sem framleidd eru úr jarðefnum brenna myndast gastegundir sem venjulega samanstanda af koltvísýringi. Rannsóknir á bruna einangrunarplasts (EPS) sýna hins vegar að það er ekki skaðlegra við bruna en timbur og korkur. Mikil tækifæri eru þannig falin í bruna EPS-efna til orkuframleiðslu.





EPS-húsaeinangrun

EPS-húsaeinangrun Tempru er CE-vottuð og framleidd samkvæmt viðeigandi Evrópustöðlum.

Hjá Tempru færðu einangrun sem hentar íslenskum húsum í baráttunni gegn íslenskri veðráttu. Látum ekk kulda og raka hækka húshitunarkostnaðinn.



Innanhússeinangrun

Hefðbundin stærð er 600 x 1200 mm.
Þykktir hlaupa á 5 mm frá 10 og upp í 150 mm þ.e. 10, 15, 20 o.s.frv.

Rúmþyngd er **16 kg/m³**, nema annars sé óskað. Við bjóðum einnig upp á mjúkar plastdýflur. Með notkun þeirra næst sambærileg hljóðeinangrun og ef steinull væri notuð. Helstu notkunarstaðir: Innan á steypa útveggi þar sem miklar kröfur eru um einangrunargildi.



Lengd (mm)	1200	1200	1200	1200
Breidd (mm)	600	600	600	600
Þykkt (mm)	125*	100	75	50
Fjöldi í pakkn.	8	10	13	20
Magn m² í pakkn.	5,76	7,2	9,36	14,4

*Ekki lagervara, aðrar þykktir þarf að sérpanta

kg/m³	λ W/mK	kPa
Rúmþyngd	Leiðnitala	Þrýstipól
16	0,040	80

mv. 10%
samþjöppun

Framleitt samkvæmt viðeigandi Evrópustöðlum

Utanhússeinangrun

Hefðbundin stærð er 600 x 1200 mm.
Þykktir hlaupa á 5 mm frá 10 og upp í 150 mm þ.e. 10, 15, 20 o.s.frv.

Rúmþyngd er **24 kg/m³**, nema annars sé óskað. Við bjóðum einnig upp á mjúkar plastdýflur. Með notkun þeirra næst sambærileg hljóðeinangrun og ef steinull væri notuð. Helstu notkunarstaðir: Innan á steypa útveggi þar sem miklar kröfur eru um einangrunargildi.



Lengd (mm)	1200	1200	1200	1200
Breidd (mm)	600	600	600	600
Þykkt (mm)	125*	100	75	50
Fjöldi í pakkn.	8	10	13	20
Magn m² í pakkn.	5,76	7,2	9,36	14,4

*Ekki lagervara, aðrar þykktir þarf að sérpanta

kg/m³	λ W/mK	kPa
Rúmþyngd	Leiðnitala	Þrýstipól
24	0,036	140


mv. 10%
samþjöppun

Framleitt samkvæmt viðeigandi Evrópustöðlum

Plötueinangrun

Hefðbundin stærð er 1200 x 3000 mm.
Þykktir hlaupa á 5 mm frá 10 og upp í 250 mm.

Hafa ber í huga að eftir því sem rúmþyngd einangrunarinnar eykst, því meiri er mótstaða hennar gegn langtímaálagi. Svipað gildir varðandi þykktina, því þykkari sem hún er því meiri einangrun veitir hún.



Lengd (mm)	3000	3000	3000
Breidd (mm)	1200	1200	1200
Þykkt (mm)	100	75	50

Aðrar þykktir þarf að sérpanta

kg/m³	λ W/mK	kPa
Rúmþyngd	Leiðnitala	Þrýstipól
16	0,040	80
24	0,036	140
30	0,034	180


mv. 10%
samþjöppun

Framleitt samkvæmt viðeigandi Evrópustöðlum

Sökkuleinangrun

Hefðbundin stærð er 600 x 3000 mm.
Þykktir hlaupa á 5 mm frá 10 og upp í 125 mm.

Hafa ber í huga að eftir því sem rúmþyngd einangrunarinnar eykst, því meiri er mótstaða hennar gegn langtímaálagi. Svipað gildir varðandi þykktina, því þykkari sem hún er því meiri einangrun veitir hún.



Lengd (mm)	3000	3000	3000
Breidd (mm)	600	600	600
Þykkt (mm)	100	75	50

Aðrar þykktir þarf að sérpanta

kg/m³	λ W/mK	kPa
Rúmþyngd	Leiðnitala	Þrýstipól
16	0,040	80
24	0,036	140

mv. 10%
samþjöppun

Framleitt samkvæmt viðeigandi Evrópustöðlum

Kubbahús

Thermomur® er alhliða byggingakerfi fyrir sökkla, útveggi íbúðarhúsa, burðarveggi bæði ofan og neðan jarðar, sumarhús, atvinnuhúsnæði og bílskúra

Thermomur® VEGGIR

Thermomur® varma- einangrunarmót
eru einföld og endingargóð lausn
fyrir húsnæði

Yfir 40 ára reynsla í Skandinavíu af notkun Thermomur® byggingarkubba



Stuttur byggingartími

Útveggir eru byggðir á met tíma



Sterkir og endingargóðir útveggir

Útveggir með EPS-einangrun og kjarna úr steypu



Góð einangrun

Thermomur® einangrar bæði að innan og utan, því er engin kuldabré og lægri hitunar-kostnaður



Engar þungar lyftingar


Auðvelt er að vinna með Thermomur® sem bætir og einfaldar vinnuumhverfið

Léttar byggingaeiningar úr EPS

Thermomur® frá BEWI er kerfi sem byggir á einangrunareiningum úr EPS, sem eru styrktar með járnum og fylltar með steypu. Útkoman er útveggur með tvöfaldri einangrun sem útilokar kuldabré og lágmarkar orkunotkun húsnæðis. Kerfið er þróað í samstarfi við smiði og verktaka.

Á hverju ári eru byggðir um 300.000 fermetrar af útveggjum úr Thermomur®, sem hentar jafnt í íbúðarhús, bílskúra, sumarhús og sundlaugar, ýmiskonar atvinnuhúsnæði.

Í vörulínu BEWI vegur þyngsta Thermomur® einingin aðeins 4 kg. Þetta bætir vinnuvistfræði til muna í geira þar sem þungar lyftingar eru algengar.




Einföld samsetning og léttar einingar auðveldar og dregur úr líkamlegu álagi við alla vinnu samanbúið við aðra byggingarhætti og tryggir að endanlegt verð húsnæðisins sé fyllilega samkeppnishæft.

Stuttur byggingartími

Einfalt í vinnslu – sparar tíma og viðhald Thermomur® er auðvelt í uppsetningu og sparar tíma bæði í byggingu og viðhaldi. Útveggjum má raða upp, stífa og steypa á nokkrum dögum, og klára allan vinnsluferil utanhúss (veðrunarkápu) á þremur vikum.

Þar sem efnið er ólífrænt og óháð raka er hægt að byggja við hvaða veður-skilyrði sem er, jafnvel í frosti yfir vetrarmánuðina. Engin sérhæfð verkfæri þarf til verksins; auðvelt er að sníða einingarnar til með einföldum skurðarverkfærum, svo sem hitaþræði eða hitahníf.




Thermomur® er hannað til að uppfylla allar byggingarþarfir og er fáanlegt í mismunandi útfærslum

Thermomur® 350, 350 Super, 350HD og 450: Öflugar einingar fyrir burðarveggi og stöðugleika, bæði ofan og neðan jarðar. Henta í einbýlishús, raðhús, fjölbýli, hótél, skrifstofur og iðnaðarhúsnæði.

Thermomur® 250X: Með innsteyptar plastfestingum sem auðvelda skrúfun. Hentar í bílskúrsveggi með jarðvegsfyllingu, burðarveggi og vegg milli íbúða.

Thermomur® 200: Minnsta einingin í línunni. Hentar vel í innveggi, skilveggi, bílskúra og geymslur þar sem kröfur um einangrun eru minni.

Kerfið hefur verið eldvarnarprófað, samkvæmt SP Fire 105 og K1 10 / B,s1-d0 (áður flokkur 1 klæðning), og hljóðeinangrun prófuð og staðfest.









Léttar en sterkar umbúðir

Umbúðir úr EPS-efni eru ákaflega léttar miðað við rúmmál og þá þyngd sem þeim er ætlað að bera, enda 98% loft og einungis 2% plast. Þær einangra vel og halda kjörhitastigi vöru margfalt lengur en t.d. pappumbúðir og bylgjuplastumbúðir. (1 Auk þess eru þær vatnspolnar og hvítur litur þeirra hrindir frá sér varmageislun sem annars gæti hitað innihaldið. Hvítur litur er jafnframt mikill kostur þegar unnið er með matvæli enda auðveldara að greina óhreinindi á hvítu yfirborði en dökku. EPS-umbúðir eru auk þess sterkar miðað við þyngd sem er mikilvægt þegar flytja þarf vöru með flugi.


EPS-umbúðir eru viðurkenndar til notkunar undir hvers kyns matvæli og standast kröfur nútímans. Flestar umbúðir frá Tempru bjóðast áprentaðar, t.d. með vörumerki viðskiptavina eða erlendra kaupenda.

EPS-umbúðir og umhverfið

Vistvænt ferli, skiptir máli er kemur að umhverfislegum áhrifum umbúða, það er heildarferli og lífssaga umbúða. Magn náttúrulegra auðlinda og orku, auk efnanna sem notuð eru við framleiðsluna, hvort heldur um er að ræða á frumframleiðslustigi, framleiðslustigi eða við flutning, skipta máli. Auk þess þarf að meta áhrif á vatnsnotkun, mengun og landnytjar og bera saman við aðra kosti. Þá fyrst er hægt að leggja mat á hversu umhverfisvæn varan er. Við slíkan samanburð sést oftast en ekki hve góður kostur EPS er.

Alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að ef hætt yrði að nota EPS umbúðir myndi heildarþyngd umbúða aukast um 300%, orka til framleiðslu um 100% og síðast en ekki síst myndi heildarrúmmál úrgangs aukast um 160%. Í dag eru plastumbúðir um 10% af massa allra umbúða. Plastumbúðir eru notaðar til að pakka inn 40–50% allrar framleiddrar vöru. Þessar staðreyndir segja að okkar mati meir en mörg orð.






Humarkassi 1,5 kg

Magn	Rúmtak	Þyngd
1,5 kg heill humar	4,0 L	89 g

Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 288/630)




Flakakassi 3 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
3 kg	46415002 innri 46404704 ytri	6,2 L	177 g

Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 162/705)

Einnig fánlegur gataður fyrir gámaflutning.




Flakakassi 5 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
5 kg	46415002 innri 46404704 ytri	8,0 L	197 g

Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 144/705)


Einnig fánlegur gataður fyrir gámaflutning.



Flakakassi, langur 5 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
5 kg	46485002 innri 46484704 ytri	7,2 L	222 g


Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 150/645)



Flakakassi, langur 7 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
7 kg	46485002 innri 46484704 ytri	9,8 L	248 g

Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 120/645)




Flakakassi 10 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
10 kg	46607502 innri 46627004 ytri	16,1 L	431 g

Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 64/280)

Einnig fánlegur gataður fyrir gámaflutning.




Flakakassi 13 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
13 kg	46607502 innri 46627004 ytri	19,6 L	444 g

Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 56/280)

Einnig fánlegur gataður fyrir gámaflutning.




Flakakassi 15 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
15 kg	46607502 innri 46627004 ytri	21,1 L	470 g

Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 48/280)

Einnig fánlegur gataður fyrir gámaflutning.




Fiskikassi 23 kg

Magn	Poki	Rúmtak	Þyngd
23 kg	46996702 innri 46709906 ytri	40,7 L	689 g


Sölueining: 1 bretti (fjöldi kassa/loka: 30/210)

Einnig fánlegur gataður fyrir gámaflutning.



Eðlilegt er að frauðplast-kassar léttist um u.þ.b. 1–2% fyrstu 2 dagana og allt að 5–6% fyrstu 2–3 vikurnar eftir framleiðslu ef þeir eru pakkaðir í plastfilmu á bretti. Þyngdarbreytingar eru m.a. háðar því hvort kassar eru pakkaðir í plastfilmu á bretti eða frístandandi og aðstæðum/umhverfshitastigi við geymslu.

Dæmi um þyngdarbreytingar á nýframleiddum 23 kg frauðkössum





Áprentanir


Tempra býr yfir fullkomnustu tækni sem völ er á í áprentun á frauðkassa og geta viðskiptavinir fengið merki/lógó prentað á kassa sína. Hafið samband við sölumenn og fáiið frekari upplýsingar.

Kassableiur, pokar og vörubretti



Bleia 0,6 L Pöntunarnúmer 4535200000

Þyngd	Sölueining	Stærð
13 g	400 stk.	240 x 180 mm



Bleia 5 L Pöntunarnúmer 4576370000

Þyngd	Sölueining	Stærð
83 g	200 stk.	720 x 320 mm

Poki - 3-7 kg Innri stuttur

Pöntunarnúmer 46415002

Stærð	Litur	Magn
410 mm / 2 x 125 mm x 500 mm x 20 my	Blár	500 stk.

Poki - 10-15 kg Innri

Pöntunarnúmer 46607502

Stærð	Litur	Magn
600 mm / 2 x 200 mm x 750 mm x 20 my	Blár	500 stk.

Poki - Bretta arkir

Pöntunarnúmer 449140100

Stærð	Litur	Magn
425 mm / 2 x 212,5 mm x 1250 mm x 30 my	Blár	500 stk.

Poki - 3-7 kg Ytri stuttur

Pöntunarnúmer 46404704

Stærð	Litur	Magn
405 mm / 2 x 85 mm x 475 mm x 40 my	Glær	500 stk.

Poki - 5-7 kg Ytri langur

Pöntunarnúmer 46484704

Stærð	Litur	Magn
480 mm / 2 x 95 mm x 470 mm x 40 my	Glær	500 stk.


Poki - 5-7 kg Innri langur

Pöntunarnúmer 46485002

Stærð	Litur	Magn
485 mm / 2 x 125 mm x 500 mm x 20 my	Blár	500 stk.

Vörubretti plast

Pöntunarnúmer 491208EPS



Þyngd: 5,2 Kg

Stærð: (L x B x H): 1200 x 800 x 160 mm

Poki - 10-15 kg Ytri

Pöntunarnúmer 46627004

Stærð	Litur	Magn
620 mm / 2 x 80 mm x 700 mm x 40 my	Glær	200 stk.

Poki - Laxapoki Ytri

Pöntunarnúmer 46709906

Stærð	Litur	Magn
700 mm x 1200 mm x 40 my	Glær	100 stk.

Poki - Laxapoki Innri

Pöntunarnúmer 46996702

Stærð	Litur	Magn
1200 mm x 670 mm x 20my	Blár	500 stk.

Poki - Arkir

Pöntunarnúmer 4948350002

Stærð	Litur	Magn
480 mm x 350 mm x 22 my	Blár	2000 stk. per rúllu

Poki - Frystipokar

Pöntunarnúmer 466270045

Stærð	Litur	Magn
620 mm / 2 x 80 mm x 700 mm x 45 my	Blár	200 stk.

Jackofoam® Terra XPS

Yfirlýsing um frammistöðu – Jackofoam Terra XPS 300.

1. Einkvæmt auðkenni vörutegundar: NO-JFT300-CPR-03.
2. Fyrirhuguð notkun byggingarvöru: Einangrunarvörur fyrir byggingar (XPS).
3. Framleiðandi: BEWI Insulation Norge AS, Postboks 1410, 1602 Fredrikstad.
4. Umboðsmaður (ef við á):
5. Kerfi til mats á stöðugleika frammistöðu: AVCP kerfi 3.
6. Samræmdur staðall: EN 13164:2012 + A1:2015. Sintef (1071) framkvæmdi ITT skv. kerfi 3.



Eiginleikar	Frammistaða	EN-staðall
Varmaleiðni – þykkt 0–50 mm	$\lambda_D = 0,032 \text{ W/mK}$	EN 12667
Varmaleiðni – þykkt 60–70 mm	$\lambda_D = 0,035 \text{ W/mK}$	EN 12667
Varmaleiðni – þykkt 80–100	$\lambda_D = 0,032 \text{ W/mK}$	EN 12667
Varmaleiðni – þykkt 120–150 mm	$\lambda_D = 0,035 \text{ W/mK}$	EN 12667
Varmamótstaða	Sjá vörumerkingu (RD)	
Þrýstipól 10%	CS(10)=300 kPa	EN 826
Langtíma álag	CC=140 kPa	EN 1606
Vatnsupptaka	WL(T)0,7	EN/ISO 16535
Vatnsgufugegndræpi	$\mu = 150$	EN 10456
Þykktarflokkur	T1	EN 823
Aðrar vikmörk	Sjá vörumerkingu	
Vörukóði		
Brunaflokkur	NPD (Euroclass F)	
Glóðandi bruni	NPD (a)	
Ending λ	Engar breytingar og NPD (b)	
Frost/þýðupól	FTCD1	EN 12091
Losun hættulegra efna	NPD (a)	
Togstyrkur hornrétt	NPD	EN 1607




Kerabit®

Kerabit Foundation Wall Membrane er svartur, slitsterkur pólýetýlen (HDPE) sökkuldúkur til að vernda einangrun utan á sökklum fyrir raka.

Stærð á rúllu
1 x 20 m
2 x 20 m

Þyngd á rúllu
10 eða 20 kg

Annað sem ber að hafa í huga
Búnir til úr endurvinnanlegu hráefni



Hlutverk Tempru

Hlutverk okkar er framleiðsla og markaðssetning umbúða, fiskikassa, til flutnings á ferskum matvælum og framleiðsla og markaðssetning einangrunarplasts til byggingarframkvæmda, til dæmis utanhússeinangrun, innanhússeinangrun og sökkuleinangrun.

Fyrirtækið leggur áherslu á að veita hraða og örugga þjónustu, hafa ávallt á boðstólum vöru að jöfnum gæðum sem uppfyllir þau skilyrði sem til hennar eru gerð, er meðvitað um lykilstöðu sína á markaði og þá ábyrgð sem henni fylgir og leggur metnað sinn í að vera fremst á sínu sviði á Íslandi.

Lögð er áhersla á vöxt og arðsaman rekstur með því að ráða hæft og traust starfsfólk sem hefur áhuga og hvata til þess að veita viðskiptavinum sínum og þjóðfélaginu sem besta þjónustu.

Aðalmarkmið:

- Nýta og efla þekkingu starfsmanna
- Veita framúrskarandi þjónustu
- Vera leiðandi í vöruþróun
- Vöxtur og arðsamur rekstur
- Uppfylla þarfir viðskiptavinarins með áherslu á gæði og sveigjanleika í framleiðslu
- Ábyrg, sjálfstæð og öguð vinnubrögð byggð á markmiðasetningu og árangursmati
- Virkjun á hugmyndaauðgi og notkun óhefðbundinna leiða við lausn vandamála
- Stefna markvisst að hámarkun tæknilegrar getu

Við hjá Tempru viljum vera þekkt fyrir frábæra þjónustu og þá nýsköpun, sem fólgin er í þróun umbúða fyrir ferska matvöru í samstarfi við viðskiptavinum, háskóla og rannsóknastofnanir.



Stefnur Tempru

Gæðastefna

Stefna Tempru ehf. er að hlíta öllum þeim kröfum sem til starfseminnar eru gerðar. Við viljum vera í fararbroddi á okkar sviði er varðar öryggis-, umhverfis- og gæðamál ásamt þjónustu og samskiptum við viðskiptavinum okkar.

Við leitumst við að framleiða öruggar vörur á ábyrgan hátt í sátt við samfélagið og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

Við bætum okkar ferla, samskipti við hagaðila og þjónustustig með öryggis- umhverfis- gæða- og jafnréttismál að leiðarljósi og viljum vera öruggur og eftirsóttur vinnustaður þar sem allir hafa jöfn tækifæri í starfi óháð kyni.

Jafnlaunastefna

Tempra leggur metnað sinn í að tryggja öllu starfsfólki jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til alls starfsfólks Tempru.

Markmið Tempru er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem öllu starfsfólki bjóðast jöfn tækifæri í starfi óháð kyni, uppruna og trúarskoðunum.

Stjórnendur skuldbinda sig því að fara eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Tempra hefur skjalfest, innleitt, og heitir að viðhalda og bæta stöðugt virkni jafnlaunakerfis sem uppfyllir kröfur ÍST85:2012 staðalsins.

Umhverfisstefna

Tempra framleiðir og selur umbúðir og einangrun úr EPS. Markmið fyrirtækisins er að vera í fararbroddi á sínu sviði hvað varðar öryggis og umhverfismál, þjónustu við viðskiptavinum og vörugæði

- Tempra leitast við að starfa með ábyrgum hætti gagnvart umhverfinu og fyrirtækið er þess meðvitað að starfsemin skilur eftir sig umhverfisfótspor.
- Tempra vinnur stöðugt að því að koma í veg fyrir mengun og draga markvisst úr áhrifum starfseminnar á innra og ytra umhverfi sitt með vöktun og stýringu á mikilvægum umhverfisþáttum, ábyrgri nýtingu orku og hráefna ásamt ábyrgri endurnýtingu og förgun úrgangs frá starfseminni.
- Tempra hefur umhverfismál í forgrunni við innkaup og val á birgjum og leitast við að lágmarka flutningsáhrif á vöruflutningum til og frá starfseminni.
- Tempra uppfyllir lagalegar kröfur og kröfur starfsleyfis og gengur lengra þar sem því verður við komið.
- Tempra starfar eftir vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 staðlinum þar sem unnið er með markvissum hætti að stöðugum umbótum með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.
- Tempra setur sér umhverfismarkmið og fylgist með árangri í umhverfismálum.
- Tempra stuðlar að því að starfsfólk fyrirtækisins og verktakar, þekki umhverfisstefnuna og taki þátt í að framfylgja henni.

Öryggis- og heilsustefna

Starfsemi okkar verður hagað á þann veg að allir sem vinna hjá Tempru njóti öruggs og heilsusamlegs vinnuumhverfis. Við gerum aldrei málamiðlanir um öryggi. Tempra styður við heilsueflingum starfsmanna sinna.

Allir hjá Tempru eru ábyrgir fyrir eigin öryggi og fyrir öryggi annarra sem störf þeirra hafa áhrif á. Örygg vinnubrögð eru skilyrði þess að vinna hjá Tempru.

Hvarvetna í fyrirtækinu kappkostum við að bæta sífellt öryggi tækjabúnaðar okkar, vinnuumhverfi og heilsueflingu starfsfólks okkar á vinnustað með því að fá starfsfólk til að taka þátt, þjálfast á viðeigandi hátt og hvetja það áfram við að þróa menningu heilbrigðis og öryggis innan Tempru.




Yfir 70% af frauðplastkössum eru endurunnir

Þetta má m.a. sjá í nýlegri skýrslu frá COWI/Aarhus University (Lassen o.fl., 2019) og upplýsingablaði frá EUMEPS, samtökum frauðplastframleiðenda í Evrópu (EUMEPS, e.d.). Samkvæmt EUMEPS eru framleidd um 1,8 milljón tonn af frauðplasti á ári í Evrópu. Um 70% af frauðplasti í Evrópu er notað í bygginga-einangrun, um 25% í pakkningar og 5% í annað. Árið 2017 var um 27% af frauðplasti, sem fellur til í Evrópu, endurunnið. Endurvinnsluhlutfallið var 34% í tilfelli matvælapakkinga (umtalsverður hluti þeirra er notað fyrir ferskan fisk og fiskafurðir) og 8% í tilfelli byggingaeinangrunar. Þetta endurvinnsluhlutfall frauðplasts er heldur lægra en heildarendurvinnsluhlutfall alls plasts í Evrópu, sem var 31,2% árið 2016 (Lassen o.fl., 2019).

Þessar endurvinnslutölur hafa hins vegar hækkað mikið síðan 2017. Árið 2018 gaf EUMEPS út markmið um að árið 2025 verði 50% af öllum fiskikössum í Evrópu endurunnið (EUMEPS, 2018). Frá því þetta markmið var sett hafa hlutirnir hins vegar þróast það hratt að EUMEPS hefur endurskoðað markmiðið á þann veg að nú er stefnt að 80% endurvinnsluhlutfalli fiskikassa úr frauðplasti í Evrópu og 90% árið 2030 (EUMEPS, e.d.). Endurvinnsluhlutfall fiskikassa úr frauðplasti er þegar komið yfir 90% í t.d. Noregi, Danmörku, Hollandi og Grikklandi (sjá mynd). Í Írlandi og Portúgal er hlutfallið komið í 75% og yfir 70% í Englandi.

Endurvinnsluhlutfall fiskikassa úr frauðplasti 2021



Heimildir:

Carsten Lassen, Marlies Warming, Jesper Kjolholt, Line Geest Jakobsen, Nijole Vrubliauskiene, Boris Novichkov, Jakob Strand, Louise Feld, Lis Bach. 2019. *Survey of polystyrene foam (EPS and XPS) in the baltic sea-Final report*. COWI/Aarhus University/Danish fisheries agency/Ministry of environment and food of Denmark.

EUMEPS. e.d. *Sustainable fishing industry well supported by recyclable EPS fish boxes – Fact sheet on EPS fish box recycling in Europe*.

EUMEPS. 2018. *EUMEPS EU Voluntary Pledge*.

